

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	12.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	GMR Endurvinnslan ehf	Eftirlitsmaður	Sindri Antonsson
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Normunds Verbelis	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit ársins hjá GMR endurvinnslunni ehf. en engin rekstur hefur verið hjá fyrirtækinu frá því í janúar sl. eða síðan fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta. Við eftirlitið voru skráð tvö frávik er varðar frágang á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tilkynnti Umhverfisstofnun um opna gáma á lóð GMR endurvinnslunnar sem innihéldu ryk í pokum sem voru farnir að leka niður í gámana og þaðan á lóð fyrirtækisins og í niðurföll. Við hlið þessara gáma mátti einnig sjá hálfullt kar af rafgeymum og vatni.

Engin rekstur hefur nú verið í endurvinnslunni frá því í janúar en einungis er kveikt á lágmarks kælikerfum til að ofn og tæki fyrirtækisins eyðileggist ekki. Þann 19.janúar sendi Umhverfisstofnun rekstraraðila áform um afturköllun starfsleyfis vegna frávíka frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun fékk beiðni frá skiptastjóra GMR endurvinnslunnar um að fresta afturköllun starfsleyfis á grunni þess að engin starfsemi færi þar fram og að nýr rekstraraðili myndi ganga í úrbætur á útistandandi frávikum ef rekstur ætti að fara fram að nýju. Stofnunin samþykkti frestun á afturköllun starfsleyfis þann 28.mars sl.

Við komu eftirlitsmanna stofnunarinnar sáust umræddir 17 gámar og leki frá þeim á lóð fyrirtækisins. Við hliðina á gámunum mátt svo sjá óþétt kar hálfullt af rafgeymum og vatni sem stóð á óbundnu slitlagi. Rölt var um verksmiðjuna en við komu eftirlitsmanna var verið að skipuleggja að færa gámana frá lóðinni og inn í hús. Í lokin var rölt um lóð verksmiðjunnar.

Frávik frá

Grein 2.13 í starfsleyfi - Annar úrgangur

Lýsing á frávik

Leki var frá gámum sem innihéldu síuryk á lóð verksmiðjunnar, kar með rafgeymum var óþétt og innihélt mikið magn af vatni ásamt því sem olíutunnur voru opnar á brotnu bretti á lóð verksmiðjunnar.

grein 3.4 - Grænt bókhald og Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1. máí ár hvert. útstreymisbókhald

ATHUGASEMDIR

Stofnunin óskar eftir gögnum um alla losun frá fyrirtækinu árið 2016.

ANNAÐ

Búið er að færa gáma, kar með rafgeymum og olíutunnur inn í hús, frávikinu telst því lokað en ef til reksturs kemur aftur verður að finna varanlega lausn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.09.2017


Einar Halldórsson